

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kynningar í borgarráði á viðhorfskönnunum B-hluta fyrirtækja

Á fundi borgarráðs þann 16. maí 2019 lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað var eftir því í borgarráði 23. ágúst í fyrra að farið yrði þess á leit við stjórnir B-hluta fyrirtækjanna að fram fari kynning í borgarráði á viðhorfskönnunum fyrirtækjanna. Tillögunni var frestað og enn hefur borgarráð ekki fengið kynningu á viðhorfs- og starfsánægjukönnun Félagsbústaða og því er óskað eftir að þessi kynning fari fram á næsta fundi borgarráðs eða tæpu ári frá því að ósk um slíkt kom fram.

Svar:

Vegna óska um að kynningar færu fram í borgarráði á niðurstöðum viðhorfskannanna starfsmanna fyrirtækjanna var þess farið á leit við ftr. þeirra sl. haust að gerð yrði grein fyrir helstu niðurstöðum þegar ftr. fyrirtækjanna kæmu í borgarráð í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Sama verklag verður viðhaft í ár.

Hvað varðar Félagsbústaði sérstaklega er rétt að taka fram að öllum borgarfulltrúum var boðið á aðalfund félagsins sem haldinn var fyrir stuttu og samþykktum félagsins breytt sömuleiðis á umræddum fundi til að tryggja aðkomu borgarfulltrúa að aðalfundum félagsins í framtíðinni.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
Formaður borgarráðs

